


Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2021-2022



29. þing KLÍ
22. maí 2022



DAGSKRÁ 29. ÞINGS KLÍ

laugardaginn 22. maí 2022

Í húsnæði Íþróttafélags Reykjavíkur að Skógarseli 12, 109 Reykjavík

Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
 - 10 Önnur mál.
 - 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
 - 13 Þingslit.
-

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 15. maí 2021 – 22. maí 2022

29. ársþing KLÍ haldið af Íþróttafélagi Reykjavíkur að Skogarseli 12, 109 Reykjavík

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Jóhann Ágúst Jóhannsson
<i>Varaformaður</i>	Hafþór Harðarsson
<i>Gjaldkeri</i>	Einar Jóel Ingólfsson
<i>Ritari</i>	Geirdís Hanna Kristjánsdóttir
<i>Meðstjórnandi</i>	Skúli Freyr Sigurðsson
<i>Varamenn:</i>	Hörður Ingi Jóhannsson Svavar Þór Einarsson Helga Hákonardóttir

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Heiða Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Þorsteinn Guðmundsson

Til vara: Pétur Helgason
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd	Jóhann Ágúst Jóhannss. <i>form.</i> Stjórn KLÍ	Kerfisstjóri	Þórhallur Hálfðánarsson
Mótanefnd	Geirdís Hanna Kristjánsdóttir Linda Hrönn Magnúsdóttir Hörður Ingi Jóhannsson	Unglinganefnd	Jónína Björg Magnúsdóttir Halldóra Björk Þórarinsdóttir Vilhelm Einarsson
Tækninefnd	Björn Guðgeir Sigurðsson Hafþór Harðarson Guðmundur Sigurðsson Skúli Freyr Sigurðsson	Upplýsinganefnd	Svavar Þór Einarsson
		Landsliðsnefnd:	Ásgrímur Helgi Einarsson Halldóra Íris Ingvarsdóttir Sigurður Þ. Guðmundsson

Framkvæmda- og íþróttastjóri KLÍ:
Þórarinn Már Þorbjörnsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

29. ársþing Keilusambands Íslands
22. maí 2022 – ÍR heimilið Skógarseli

Þingforseti, kæru keilarar.

Tímabilið 2021 til 2022

Ég byrja samkvæmt venju að þakka þeim sem hýsa þingið í ár. Þakkir fá bæði Íþróttafélag Reykjavíkur og keiludeildin þeirra fyrir að bjóða okkur velkomin í þeirra hús þetta árið.

Nú er enn eitt árið liðið og alls eru þau að verða 30 sem sambandið hefur starfað. Á liðnu ári hefur sem fyrr eitt og annað komið á borð okkar til að leysa. Fækkun varð á kvennaliðum í upphafi nýliðins tímabils sem varð til þess að taka þurfti ákvörðun um hvað gera skyldi. Varð niðurstaðan að spila í einni 12 liða deild, var það metið svo eftir umræður að það væri álitlegra upp á leiki liðanna heldur en að hafa tvær faliðaðar deildir.

Við í stjórn tókum ákvörðun um að gera siðareglur fyrir sambandið sem verða hér á eftir lagðar fram til umræðu og atkvæðagreiðslu. Var það að okkar mati nauðsynleg aðgerð af okkar hálfu eftir miður skemmtilegra framkomu áhorfanda í úrslitakeppni 1. deildar karla fyrir ári síðan. Með þeim siðareglum, sem ættu nú að teljast vera almenn og ekkert svo ósanngjörn krafa um hegðum okkar allra, er hægt að breyta og beita reglugerð fyrir Aga- og úrskurðarnefndar þannig að hægt sé að taka á aga málum með viðeigandi hætti.

Ljóst hefur verið í einhvern tíma að KLÍ þyrfti að ráða nýjan landsliðsþjálfara karla. Robert Anderson sem hefur verið okkur mikill fengur fékk alltaf stærra og stærra hlutverk hjá sænska sambandinu og ljóst varð fyrir löngu að þetta gæti ekki gengið til lengdar. Upprunalegur samningur við hann kvað á um að hann stýrði liði okkar á EM 2020 en því móti hefur verið frestað all nokkrum sinnum. Varð það ákvörðun Íþróttastjóra og landsliðsnefndar að ráða Mattias Möller frá Svíþjóð sem hans arftaka og hefur hann tekið við ásamt aðstoðarkonu sinni.

Gunnar Þór Ásgeirsson úr ÍR fór fyrir okkar hönd til keppni á ECC sem haldið var á Krít í september á liðnu ári. Hafþór Harðarson ÍR átti ekki heiman gengt á mótið vegna fjölgunnar á heimilinu svo að Gunnar, sem varð 2. á Íslandsmóti karla, fékk boð um þátttöku. Því miður sá enginn kvenna sér fært að fara á mótið. Gunnar Þór náði frábærum árangri á mótinu, varð hársbreidd frá því að komast í úrslit mótsins, topp 4 en hann spilaði einstaklega vel á mótinu.

Á dögunum á undan ECC fór fram Evrópuþing keilunnar á Krít. Frá því má helst nefna að nafni samtakanna var breytt úr European Tenpin Bowling Federation í European Bowling Federation sem og var merki samtakanna breytt. Er það í anda breytinga á heimssambandinu sem nú heitir IBF en um leið voru 9 pinna og 10 pinna keilan sett undir einn hatt. Valgeir Guðbjartsson situr enn sem varaforseti EBF og á hann 2 ár eftir af kjöri sínu þar. Mikið mæðir á honum í heimsmálunum og hef ég séð það á erlendum vettvangi að honum er óspart hrósað fyrir sín störf.

KLÍ sendi 4 landslið á HM Super World Cup sem blásið var til í Dubai seinni hluta síðasta árs.

Voru það A lið karla og kvenna sem og lið karla og kvenna í 50+.

Arnar Davíð Jónsson hélt áfram að láta ljós sitt skína á erlendri grund. Fékk hann boð um að leika með frönsku liði í deildarkeppninni þar en skv. þeirra reglum má lið fá einn „atvinnumann“ til liðs við sig. Það er því alveg ljóst að hróður hans fer víða. Arnar Davíð nýtur einnig styrks frá Afrekssjóði ÍSÍ en þann styrk hlaut hann eftir frábært ár 2019. Fær afrekssjóður ÍSÍ þakkar fyrir stuðninginn.

Covid hélt áfram að stríða okkur ögn á liðnu tímabili. Loka þurfti salnum á Akranesi um stund en þar varð á tímabili mikið um smit og ákváðu yfirvöld þar að loka öllum íþróttamannvirkjum um stundarsakir meðan reynt var að ná tökum á ástandinu.

Og þessi veira hélt okkur í takmörkunum fram undir febrúar á þessu ári með áhorfendabanni, fjöldatakmörkunum og endalausum frestunum leikja. Það leystist þó úr því í tíma fyrir RIG sem fór fram um mánaðarmótið janúar febrúar en 5 mínútur í mót voru áhorfendur leyfðir. RIG varð að mikilli skemmtun með fjölda þátttakenda að utan og sjaldan hafa eins margar sérir verið leiknar á



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Þessu móti eins og í ár. Varð það Adam Pawel úr ÍR sem stóð uppi sem sigurvegari eftir magnaða úrslitaleiki í beinni útsendingu á RÚV. Vert er hér sem og víðar að þakka RÚV sérstaklega fyrir áhuga þeirra á okkar íþrótt og þá sér í lagi þeim Óskari útsendingastjóra og Hilmari yfirmanni íþróttadeildar. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnum árum.

Ákveðið var að halda EBF Level II námskeið hér á landi og fór það fram undir lok febrúar. Til landsins kom Mark Heathorn frá Englandi og hélt hann námskeiðið upp á Akranesi en það tók 4 fullskipaða daga. Alls útskrifuðust 7 þjálfarar með Level II réttindi af námskeiðinu og má ætla að Ísland hafi þar tvöfaldað þjálfarafjölda sinn með Level II réttindi. Voru þátttakendur afskaplega ánægðir með námskeiðið og er aldrei að vita nema við fáum Mark hingað aftur til að halda m.a. Level I námskeið.

Eftir að losna fór um stöðuna vegna þessa sem enginn nennir að nefna á nafn lengur þá fórum við að geta haldið keppni á fullum afköstum. Er hér komið að Íslandsmóti einstaklinga sem fram fór í mars. Hafþór Harðarson úr ÍR jafnaði þar met annars ÍR-ings hans Magnúsar Magnússonar með því að ná sínum 6. Íslandsmeistaratitli. Hjá konunum varð það hins vegar unglings stúlkan hún Linda Hrönn Magnúsdóttir úr ÍR sem náði loks þessum titil. Með því að ná titlinum varð hún elst Íslendinga til að vinna þennan titil. Förum ekkert nánar út í aldurinn en þetta þótti mjög fréttæmt og komst hún m.a. á forsiðu Morgunblaðsins sem og var viðtal við hana á Íþróttasíðum blaðsins eftir mót.

Nýverið kláraðist tímabilið með úrslitaleikjum í deild og bikar. Lokahófið var haldið eins og þau voru fyrir veiru. Afrekshópur KLÍ sá um lokahófið að venju og var það afskaplega vel heppnað og ágætlega sótt. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir umsjónina og öðrum þeim sem að því komu bæði þeir sem lögðu hönd á plóg eða útveguðu glæsilega vinninga í happdrættið.

Hugleiðingar fāfarandi formanns

En nú er tímabilið liðið, við komin í sumarfrí frá keilunni sem iðkendur (flest) en störfín halda samt áfram.

Eins og ég kom á í byrjun þá fögnum við 30 ára afmæli í ár. Það er ljóst að sambandið má muna fífil sinn feegurri. Í byrjun starfseminnar var kannski eðli málsins samkvæmt mikið nýjabrum og fólk lét mikið að sér kveða. Í dag erum við í stökustu vandræðum með starfsemina. Fáar hendur eru til taks, fáir eru tilbúnir í að taka að sér verkefni og mál þokast almennt lítið áfram. Það eru án efa margar ástæður fyrir því, tíðarandi í formi fækkandi sjálfboðaliða og fleira. Eitt held ég þó að við getum lagað strax sem hjálpar okkur bara á komandi misserum. Það er andinn í hópnum okkar. Ég hef sagt það í hverju ávarpi hér á þessum vettvangi í minni formanstíð að mórallinn verður aldrei betri en það hvað hvert og eitt okkar kemur með að borðinu. Það þarf að halda því á lofti. Of oft enda mál í óþarfa skeytasendingum milli aðila. Við þurfum að laga það strax, hvert og eitt okkar. Hættum að benda á annan.

Gleymum því alls ekki að stjórn og nefndir KLÍ reyna að vinna eftir lögum og reglum. Ákvarðanir eru teknar af athuguðu máli. Stundum má gagnrýna hvort öll atriði hafa legið fyrir ákvörðunartöku. Stundum flýtum við okkur um of en ákvörðun er ekki tekin af persónulegum hvötum eða beint sérstaklega gegn ákveðnum aðila þótt oftast en ekki séu gagnviðbrögð við þeim í þá veru. Alltof margir póstar, of mörg símtöl eða of mörg skilaboð á neti innihalda „gagnrýni“ sem varla verður lesin öðruvísi en persónuleg móðgun viðkomandi varðandi það sem var ákveðið. Stundum er meir að segja reynt að fá stjórn eða stjórnarmann til að breyta ákvörðun nefndar því einhverjum líkar ekki við ákvörðunina eða „nennir ekki að tala við nefndina“. Stjórnun svona félagskapar gengur ekki með þess háttar viðhorfi. Það eru lög og reglur sem við þurfum að vinna eftir til að kerfið haldi. Ábyrgð og valdsvið nefnda eða aðila er skýrt og það þarf að vera skýrt að farið sé eftir því.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Þar sem ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram verður þetta í síðata sinn sem ég nefni þetta og ég skora á ykkur sem hér sitjið og hlýðið á eða lesið þetta síðar að gera ykkar allra besta til að bæta úr ástandinu. Virðum ólíkar skoðanir, virðum ólíka stöðu allra félaga og félagsmanna, ræðum málín. Virðum ákvörðunarrétt nefnda og stjórnar. Tilvera okkar liggur við. Það er ekkert flóknara en svo.

Það er stutt í bætta aðstöðu hjá okkur, það er ég sannfærður um. Við verðum að taka til í félagsskapnum okkar áður en það gerist og þá meina ég að bæta hegðun okkar og einblína frekar á það sem sameinar okkur heldur en liti félagsins sem hvert og eitt okkar klæðist. Okkur skortir sárlega framtíðarsýn. Við þurfum að skapa okkur hana, bæði til skemmri og lengri tíma svo við getum byggt upp þessa skemmtilegu íþrótt sem við stundum. Tækifærin eru þarna úti.

Að lokum vill ég þakka fyrir mig þessi 4 ár sem ég hef gengt formannsstöðu KLÍ. Sá tími hefur verið lærdómsríkur eins og við var að búast. Það hefur margt skemmtilegt drifið á daginn þótt ég sé kannski hvass í orðum mínum hér á undan. Ég á eftir að sakna þess að vasast í ýmsum málum á meðan ég sakna annarra ekki neitt. Ég vill þakka öllum þeim sem hafa setið með mér í stjórn á liðnum árum, formönnum félaga, öllum þeim sem hafa tekið þátt í nefndarstörfum á vegum KLÍ eða komið að öðrum verkefnum, stórum sem smáum, ÍSÍ starfsfólki, ÍBR, ÍTR og öðrum sem ég eflaust gleymi að telja upp hér. Það er of langt mál að telja upp öll nöfn manna og kvenna hér en takk allir.

Jóhann Ágúst Jóhannsson
Fráfarandi formaður KLÍ



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá sex félögum frá þremur héraðssamböndum. Keppendum fjækkaði síðastliðið almanaksár um 6, þessa fækkun má aðallega rekja til COVID. Það er von okkar að með bættri æfinga og keppnis aðstöðu verði hægt að auka útbreiðslu Keiluiþróttarinnar. Vonandi tekst aftur að koma upp aðstöðu til æfinga og keppni á Akureyri. Það er áhyggjuefni að iðkendum í keilu heur fækkað á síðustu 9 árum um 110 eða um 30%. Fækkun var í liðakeppni milli ára um 1 lið, en 40 lið tók þátt. Tölur KIÍ og félganna gefa e.t.v. ekki alveg rétta mynd af fjölda iðkenda.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,
fjöldi keppenda frá árinu 2015 skv. KIÍ

Félag / Keiludeild	Ípr. Bandalag	Stofnað	Keppendur 2015	Keppendur 2016	Keppendur 2017	Keppendur 2018	Keppendur 2019	Keppendur 2020	Keppendur 2021
Samtals			302	303	281	250	251	219	213
KFR	ÍBR	10.09.1985	85	79	77	61	54	48	45
KR	ÍBR	27.06.1990	24	21	13	7	4	4	3
ÍR	ÍBR	31.08.1994	126	134	120	119	126	106	112
KDK	ÍBR	28.08.2009							
Fylkir	ÍBR	1994							
ÍFH	ÍBR	1994							
KSÁÁ	ÍBR	1997							
HK	UMSK	1994							
KGB	UMSK	25.05.1989							
Keflavík	ÍRB	1995							
KFK	UMSK	01.02.2004							
KFA	ÍA	31.08.1997	37	43	45	40	34	33	29
Þór	IBA	2011	30	26	26	23	19	11	9
Ösp	ÍBR						14	17	15

Skipting milli aldurs og kynja árið 2021

	2021				2020	2019	2018	2017	2016
	Karlar	Konur	Samtals		Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Undir 18	20	12	32	15%	36	49	50	63	74
18-50	76	31	107	50%	109	123	128	137	140
50 og yfir	49	25	74	35%	74	79	72	81	89
Samtals	145	68	213		219	251	250	281	303
	68%	32%							

Kynjahlutfall hefur skekkst nokkuð á milli ára því árið á undan var hlutfallið þannig að 64% iðkenda voru karlar og 34% konur. Þetta skýrist að nokkru að tvö kvenna lið hættu keppni eftir síðasta tímabil.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í tveimur keilusölum í vetur:

- *Keiluhöllinni í Egilshöll, 22 brautir.*
- *Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.*

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Stjórn Keilusambandsins hefur valið þau Mariku Lönnroth úr Keilufélagi Reykjavíkur og Gunnar Þór Ásgeirsson úr ÍR keilara ársins 2021.

Marika Lönnroth KFR

Marika sem fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir stuttu hefur heldur betur sett svip á kvennakeiluna hér á landi. Hún náði næst besta árangri kvenna á Reykjavíkurleikunum í upphafi árs en hún endaði í 15. sæti með 207,3 í meðaltal. Það gaf ákveðin fyrirheit fyrir Íslandsmót einstaklinga sem fram fór í mars á þessu ári en þar stóð Marika uppi sem Íslandsmeistari kvenna í keilu 2021. Hún kláraði keppnistímabilið 2020 til 2021 með liði sínu KFR Valkyrjum með því að landa bæði Íslands- og Bikarmeistaratitli deildarliða. Marika lauk síðan árinu með enn einum Íslandsmeistaratitli þegar hún og Jón Ingi Ragnarsson úr KFR urðu Íslandsmeistarar para 2021.

Gunnar Þór Ásgeirsson ÍR

Gunnar Þór hefur heldur betur spilað sig upp sem einn besti keilari landsins. Gunnar Þór varð í 2. sæti á Íslandsmóti einstaklinga í ár og varð með liði sínu ÍR PLS bæði Íslands- og Bikarmeistari deildarliða. Gunnar Þór fór til keppni á Evrópumóti landsmeistara sem fulltrúi Íslands og náði þar stórglæsilegum árangri og endaði þar í 5. sæti örfáum pinnum frá því að komast í úrslit mótsins. Er hann 3. Íslendingurinn sem nær í efstu 8 á því móti.

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili kepptu 187 (67 konur og 120 karlar) keilarar í deildarkeppninni í samtals 40 liðum. Þetta er fækkun um eitt lið á milli ára. Fjöldi þeirra sem tóku þátt í mótahaldi KLÍ á tímabilinu voru alls 226 keppendur (149 karlar og 77 konur).

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 3ra manna liða í september til maí
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í október til apríl
- Íslandsmót para í nóvember
- Íslandsmót í tvímenning í október
- Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í mars
- Íslandsmót einstaklinga í febrúar
- Bikarkeppni liða í nóvember til maí
- Meistarakeppni ungmenna í október til apríl
- Íslandsmót unglinga í febrúar
- Íslandsmót unglingaliða í október til apríl
- Íslandsmót Öldunga (50+) í mars – apríl



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2021

1. sæti Jón Ingi Ragnarsson og Andri Freyr Jónsson
2. sæti Einar Már Björnsson og Hafþór Harðarson
3. sæti Gunnar þór Ásgeirsson og Gústaf Smári Björnsson

MEISTARAKEPPNI KLÍ

Karlar: 1. sæti ÍR-PLS
2. sæti ÍA

Konur: 1. sæti ÍR-Buff
2. sæti KFR-Valkyrjur

ÍSLANDSMÓT PARA 2021

1. sæti Marika Lönnroth og Jón Ingi Ragnarsson
2. sæti Helga Ósk Freysdóttir og Freyr Bragason
3. sæti Nanna Hólm Davíðsdóttir og Gústaf Smári Björnsson

BIKARKEPPNI LIÐA 2021 – 2022

Karlar: 1. sæti ÍR-PLS
2. sæti KFR-Stormsveitin

Konur: 1. sæti KFR-Valkyrjur
2. sæti ÍR-TT



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2021-2022

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2021-2022 og frá árinu 2018. Tímabilið 2015-16 tóku 46 lið þátt í deildarkeppni KIÍ

Félög	1. deild kvenna	2. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	3. deild karla	Samtals '21 - '22	Samtals '20 - '21	Samtals '19 - '20	Samtals '18 - '19
KFR	4		3	2	-	9	9	10	10
KGB	-		-	-	-				
KR	-		-	1	-	1	1	1	1
HK	-		-	-	-				
ÍR	6		4	6	4	20	22	23	22
Þór	-		1	1	-	2	2	3	4
KFA	1		2	-	2	5	5	4	4
KFK	-		-	-	-				
KDK	-		-	-	-				
ÍFH	-		-	-	-				
Ösp	1		-	-	2	3	3	2	
Samtals	12		10	10	8	40	42	43	41

Alls tóku þátt í deildar keppninni veturinn 2021-2022

Konur 67 alls voru 12 lið í deildarkeppni kvenna og því 5,58 konur pr. Lið.

Karlar 119 alls voru 28 lið í deildarkeppni karla og því 4,25 karlar pr. Lið.

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

1. deild kvenna:

1. sæti	KFR-Valkyrjur	Íslandsmeistarar liða 2022
2. sæti	ÍR-TT	
3. sæti	ÍR-Buff	
3. sæti	KFR-Afturgöngurnar	

Deildarmeistarar 1. deildar: KFR – Valkyrjur

Hæsti leikur:	Hafdís Eva Péturdóttir (ÍR-Buff)	268
Hæsta sería:	Margrét Björg Jónsdóttir (ÍR-TT)	652
Hæsta meðaltal:	Dagný Edda Þórisdóttir (KFR-Valkyrjur)	182,90

Felludrottning:	Dagný Edda Þórisdóttir (KFR-Valkyrjur)	4,17
-----------------	--	------

Stigameistari:	Linda Hrönn Magnúsdóttir (ÍR-TT)	0,81
----------------	----------------------------------	------

Mestu framfarir:	Viktoría Hrund Þórisdóttir (KFR-Ásynjur)
------------------	--

Stjörnuskjöldur:	KFR Valkyrjur	257 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR Valkyrjur	657
Hæsta sería liðs:	KFR Valkyrjur	1757
Hæsta meðaltal liðs:	KFR – Valkyrjur	172,36



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. deild kvenna: Var ekki tímabilið 2021-2022

1. deild karla: 1. sæti ÍR-PLS Íslandmeistarar liða 2022

2. sæti KFR-Stormsveitin

3. sæti KFR-Lærlingar

3. sæti ÍR-S

Deildarmeistarar 1. deildar: ÍR – PLS

Úr 1. deild féll ÍA - W (10. sæti) og Lið Þór (9. Sæti)

Hæsti leikur:	Hafþór Harðarson (ÍR-PLS)	290
Hæsta sería:	Jón Ingi Ragnrsson (KFR-Lærlingar)	773
Hæsta meðaltal:	Hafþór Harðarson (ÍR PLS)	219,33

Fellukóngur: Hafþór Harðarson (ÍR-PLS) 6,64

Stigameistari: Gústaf Smári Björnsson (KFR-Stormsveitin) 0,77

Mestu framfarir: Mikael Aron Vilhelmsson (KFR-Stormsveitin)

Stjörnuskjöldur:	ÍR-PLS	343 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR-Lærlingar	733
Hæsta sería liðs:	KFR-Stormsveitin	2089
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR PLS	207,75



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. deild karla: 1. sæti ÍR-L Deildarmeistarar 2. Deildar 2022 2. sæti KR-a 3. sæti ÍR-Land

Úr 2. deild féllu Þór-Víkingar (10. sæti) og ÍR-Blikk (9. sæti).

Hæsti leikur:	Björgvin Helgi Valdimarsson (Þór-Víkingar)	300
Hæsta sería:	Aron Hafþórsson (KFR Þróstur)	713
Hæsta meðaltal:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÍR-L)	193,85

Fellukóngur:	Hinrik Óli Gunnarsson (ÍR-L)	5,49
--------------	------------------------------	------

Stigameistari:	Hinrik Óli Gunnarsson (ÍR-L)	0,82
----------------	------------------------------	------

Mestu framfarir:	Adam Geir Baldursson (ÍR-Land)
------------------	--------------------------------

Stjörnuskjöldur:	ÍR-L	224 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KR-a	685
Hæsta sería liðs:	KFR Þróstur	1912
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR L	182,0

3. deild karla: 1. sæti ÍA – C Deildarmeistarar 3. Deildar 2022 2. sæti ÍR – T 3. sæti ÍR – Keila.is

Hæsti leikur:	Ísak Birkir Sævarsson (ÍA-C)	268
Hæsta sería:	Ísak Birkir Sævarsson (ÍA-C)	671
Hæsta meðaltal:	Ísak Birkir Sævarsson (ÍA-C)	194,79

Fellukóngur:	Ísak Birkir Sævarsson (ÍA-C)	5,48
--------------	------------------------------	------

Stigameistari:	Ísak Birkir Sævarsson (ÍA-C)	0,86
----------------	------------------------------	------

Mestu framfarir:	Ísak Birkir Sævarsson (ÍA-C)
------------------	------------------------------

Stjörnuskjöldur:	ÍA-C	198 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	ÍA-C	640
Hæsta sería liðs:	ÍA-C	1811
Hæsta meðaltal liðs:	ÍA-C	172,69



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf fór fram dagana 19. til 21. febrúar 2022. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 25 karlar og 19 konur þátt í mótinu, en fækkun varð í mótinu þetta árið um 2 (fækkun hjá konum um , en óbreytt hjá körlum) á milli ára. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti Svavar Steinn Guðjónsson, KFR - Íslandsmeistari karla með forgjöf 2022
2. sæti Arnór Ingi Bjarkason ÍR
3. sæti Matthías Leó Sigurðsson, ÍA

Kvennaflokkur með forgjöf:

1. sæti Hafdís Eva Laufdal Péturdóttir, ÍR - Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2022
2. sæti Elva Rós Hannesdóttir, ÍR
3. sæti Halldóra Íris Ingvarsdóttir, ÍR

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk 22. mars 2022. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 44 einstaklingar þátt í mótinu 29 í karlaflokki og 15 í kvennaflokki og er það 8 keppendum fleira en þegar síðast mótið var haldið. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem mun fara fram í Olomouc, Tékklandi dagana 24. – 30. Okt. n.k. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR – Íslandsmeistari kvenna 2022
2. sæti Ástrós Pétursdóttir, ÍR
3. sæti Marika Katarina E Lönnroth, KFR

Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti Hafþór Harðarson, ÍR - Íslandsmeistari karla 2022
2. sæti Arnar Davíð Jónsson, KFR
3. sæti Einar Már Björnsson, ÍR

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllum Íslandsmótum einstaklinga (Íslandsmót einstaklinga, Íslandsmót einstaklinga með forgjöf, Íslandsmót Öldunga og Íslandsmót unglinga, opin flokkur) varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '22	Samt. '21	Samt. '20	Samt. '19	Samt. '18
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	2	3	1	6	6	1	3	6
ÍR – Keiludeild ÍR	5	6	4	15	4	4	7	4
ÍFH – Íþróttafélag Heyrnarlausra	-	-	-	-	-	-	-	-
KR – Keiludeild KR	-	-	-	-	-	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	1	-	2	3	2	1	2	1
KDK – Keiludeild Kjalarness	-	-	-	-	-	-	-	-
PÓR – Keiludeild Þórs	-	-	-	-	-	-	-	1
Samtals	8	8	8	24	12	6	12	12



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT ÖLDUNGA

Íslandsmóti Öldunga í keilu lauk 8. mars 2022. Keppt var í karla og kvenna flokki. Þátt tóku í mótinu 9 karlar og 11 konur en vonast hafði verið eftir meiri þátttöku.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Konur

1. sæti Snæfríður Telma Jónsson, ÍR – Íslandsmeistari Öldunga 2022
2. sæti Bára Ágústsdóttir, ÍR
3. sæti Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR

Karlar

1. sæti Guðmundur Sigurðsson, ÍA – Íslandsmeistari Öldunga 2022
2. sæti Þórarinn Már Þorbjörnsson, ÍR
3. sæti Sveinn Þrastarson, KFR

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2022

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum sunnudaginn 13. mars 2022.

Alls kepptu 30 börn og unglingar í fimm flokkum pilta og stúlkna, en fækkur varð um 1 barn á milli ára. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '22	St. '22	Samtals '22	Dr. '21	St. '21	Samtals '21	Dr. '20	St. '20	Samtals '20	Samtals '19	Samtals '18
KFR	6	4	10	6	3	9	3	2	5	7	11
KFA	5	3	8	5	4	9	6	5	11	9	13
ÍR	6	5	11	8	4	12	11	4	15	15	12
KR											
Þór										1	2
Samtals	17	12	29	19	11	30	20	11	31	32	38

Keppendur í 1. og 2. flokki léku 12 leiki í forkeppni en keppendur í 3., 4. og 5. flokki léku 8 leiki. Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 21	Silfur 21	Brons 21	Samt. 21	Gull 21	Silfur 21	Brons 21	Samt. 21	Samt. 20	Samt. 19	Samt. 18	Samt. 17	Samt. 16
KFR	5	2	1	8	3	3	2	8	6	6	7	7	8
KFA	1	3	2	6	3	2	1	6	7	6	5	7	7
ÍR	3	4	3	10	4	2	3	9	10	14	10	10	12
Þór										2	4	3	1
Samtals	9	9	6	24	10	7	6	23	23	28	26	27	28



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Ásgeir Karl Gústafsson	KFR
Mikael Aron Vilhelmsson	KFR
Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR

Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Alexandra Kristjánsdóttir	ÍR
Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	ÍR
Særós Erla Jóhannsdóttir	ÍA

PILTAR:

1. fl.	Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR
	Ísak Birkir Sævarsson	ÍA
	Aron Hafþórsson	KFR
2. fl.	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR
	Tómas Freyr Garðarsson	ÍA
	Tristan Máni Nínuson	ÍR
3. fl.	Ásgeir Karl Gústafsson	KFR
	Matthías Ernir Gylfason	KFR
4. fl.	Svavar Steinn Guðjónsson	KFR
	Gottskálf Ryan Guðjónsson	ÍR
	Viktor Snær Guðmundsson	ÍR

STÚLKUR:

1. fl.	Alexandra Kristjánsdóttir	ÍR
	Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	ÍR
2. fl.	Viktoría Hrunn Þórisdóttir	KFR
	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA
3. fl.		
4. fl.	Særós Erla Jóhannsdóttir	ÍA
	Bára Líf Gunnarsdóttir	ÍR
	Friðmey Dóra Richter	ÍA

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2021-2022

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki. Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema keppandi hafi keppt í meira en helming umferða. Í vetur kepptu 30 piltar og 16 stúlkur eða alls 46 börn og unglingar í mótinu. Þetta er fjölgun frá fyrra ári eða 2 ungmenni. Fækkunin er mest í yngsu aldursflokkunum.

1. fl. pilta (2001-2003)

1.sæti	Adam Geir Baldursson	ÍR	46
2.sæti	Steindór Máni Björnsson	ÍR	44
3.sæti	Hlynur Freyr Pétursson	ÍR	26

2. fl. pilta (2004-2006)

1.sæti	Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR	41
2.sæti	Aron Hafþórsson	KFR	40
3.sæti	Ísak Birkir Sævarsson	ÍA	37

1. fl. stúlkna (2001-2003)

1. sæti	Málfríður Jóna Freysdóttir	KFR	46
2. sæti	Elva Rós Hannesdóttir	ÍR	52
3. sæti			

2. fl. stúlkna (2004-2006)

1. sæti	Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	ÍR	46
2. sæti	Viktoría Þórisdóttir	KFR	38
3. sæti			



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

3. fl. pílta (2007-2009)

1.sæti	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR	46
2.sæti	Ásgeir Karl Gústafsson	KFR	50
3.sæti	Tristan Máni Nínuson	ÍR	36

3. fl. stúlkna (2007-2009)

1. sæti	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA	48
2. sæti			
3. sæti			

4. fl. pílta (2010-2012)

1.sæti	Svavar Steinn Guðjónsson	KFR	43,5
2.sæti	Gottskálf Ryan Guðjónss.	ÍR	39
3.sæti	Viktor Snær Guðmundsson	ÍR	36

4. fl. stúlkna (2010-2012)

1.sæti	Særós Erla Jhonnudóttir	ÍA	48
2.sæti	Bára Líf Gunnarsdóttir	ÍR	42
3.sæti	Friðmey Dóra Richter	ÍA	31

ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2021-2022

Í liðakeppninni tóku þátt 4 lið, 2 frá ÍA og eitt frá KFR og ÍR. Leiknar voru 5 umferðir og úrslit.

Íslandsmeistarar unglingslið 2022 er KFR

Afrestsstarf KLÍ 2021-2022

Fram eftir árinu 2021 lá nánast allt afrestsstarf niðri vegna Covid19, en svo á haustmánuðum rofaði til og var farið á EYC í september, ECC í október og SWC og MWC í nóvember. EMC var í frestað til júní 22 og EWC var frestað til ágúst 22, en þessi mót áttu að vera í janúar og febrúar 2022.

Evrópumót unglinga (EYC) í Tilburg, Hollandi dagana 09. – 19. September 2021

Þar áttum við fjóra keppendur. Alls vor 74 piltar sem tóku þátt í mótinu.

Piltar: Aron Hafþórsson, Hinrik Óli Gunnarsson, Mikael Aron Vilhelmsson og Matthías Leó Sigurðsson.

Leikið var í einstaklings, tvímennings og liðakeppni.

Ekki áttum við neinn á palli en árangur hjá okkur var eftirfarandi

Einstaklingur piltar:

51. Sæti Aron Hafþórsson með 189,7 í meðaltal.

61. Sæti Hinrik Óli Gunnarsson 176,8 í meðaltal.

66. Sæti Mikael Aron Vilhelmsson 172,8 í meðaltal.

69. Sæti Matthías Leó Sigurðsson með 170 í meðaltal.

Tvímenningskeppni piltar.

16. Sæti Aron Hafþórsson og Hinrik Óli Gunnarsson

34. Sæti Mikael Aron Vilhelmsson og Matthías Leó Sigurðsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Liðakeppni piltar.
Úrslit, 15.sæti af 16

Evrópumót einstaklinga ECC2021

Okkar keppandi að þessu sinni var Gunnar Þór Ásgeirsson. Gunnar Þór lék einstalega vel á þessu móti.

Eftir forkeppnina var Gunnar í 9. sæti af 30 keppendum, en 16 efstu fóru áfram. Gunnar gerði sér lítið fyrir og spilaði sig uppí 7. sæti og náði þannig inni final step 2, en þanga fóru 8 efstu keppendurnir. Í final step 2 hélt Gunnar áfram að leika frábærlega, en hann endaði í 5. Sæti einungis 27 pinnum frá því að komast í úrslit.

Gunnar lék 28 leiki í mótinu á 6.333 pinnum eða að meðaltali 226,18.

Super World Championships 2021

Kept var í Singles, Doubles, Trios, Teams og mixed teams.

Keppendur:

Arnar Davíð Jónsson

Guðlaugur Valgeirsson

Gunnar Þór Ásgeirsson

Gústaf Smári Björnsson

Helga Ósk Freysdóttir

Linda Hrönn Magnúsdóttir

Margrét Björg Jónsdóttir

Nanna Hólm Davíðsdóttir

Karlar:

Í einstaklingskeppni karla tóku þátt 128 keppendur

Guðlaugur Vageirsson	63. Sæti	211,3 meðaltal
----------------------	----------	----------------

Arnar Davíð Jónsson	64. Sæti	211,0 meðaltal
---------------------	----------	----------------

Gunnar Þór Ásgeirsson	98. Sæti	200,6 meðaltal
-----------------------	----------	----------------

Gústaf Smári Björnsson	117. Sæti	178,2 meðaltal
------------------------	-----------	----------------

Konur:

Í einstaklingskeppni kvenna tóku þátt 90 keppendur

Helga Ósk Freysdóttir	65. Sæti	186,7 meðaltal
-----------------------	----------	----------------

Linda Hrönn Magnúsdóttir	66. Sæti	186,3 meðaltal
--------------------------	----------	----------------

Nanna Hólm Davíðsdóttir	74. Sæti	179,9 meðaltal
-------------------------	----------	----------------

Margrét Björg Jónsdóttir	84. Sæti	167,9 meðaltal
--------------------------	----------	----------------

Allt annað í mótunu var leikið með “Baker formi”

Tvímenningsur karla, en þátt tóku 63 tvímenningsur:

Ísland 1	49. Sæti	199,5 meðaltal
----------	----------	----------------

Ísland 2	53. Sæti	194,4 meðaltal
----------	----------	----------------



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímennigur kvenna, en þátt tóku 45 tvímennigar:

Ísland 1 42. Sæti 171,1 meðaltal

Ísland 2 44. Sæti 169,5 meðaltal

Þrímenningur karlar þátt tóku 31 lið og komust 16 efstu í riðlakeppni okkar men enduðu í 18. Sæti einungis 31 pinna frá því að komast áfram spiluðu 210,9 meðaltal.

Þrímenningur kvenna þátt tóku 20 lið og komust 16 efstu í riðlakeppni okkar konur enduðu í 17 sæti og vantaði einungis 81 pinna uppá til að komast áfram spiluðu 182,5 meðaltal.

Liðakeppni:

Í liðakeppni karla tóku þátt 29 lið og enduðu okkar men í 21. Sæti með 205,9 meðaltal

Í liða keppni kvenna tóku þátt 20 lið og enduðu okkar konur í 20. Sæti með 174,5 meðaltal

Í blönduðum liðum þá tóku þátt 45 lið og enduðu okkar lið í 31. og 42. Sæti með meðaltal uppá 201 og 185.

Master World Championships 2021

Á þessu móti var keppt í tveimur aldursflokkum 50+ og 65+

Keppendur:

Guðmundur Sigurðsson

Þórarinn Már Þorbjörnsson

Bára Ágústsdóttir

Helga Sigurðardóttir

Laufey Sigurðardóttir

Linda Hrönn Magnúsdóttir

Eintaklingskeppni karlar:

Flokkur 50+ þátt tóku 83 keppendur

Guðmundur Sigurðsson 58. Sæti 190,2 meðaltal

Flokkur 65+ þátt tóku 32 keppendur

Þórarinn Már Þorbjörnsson 11. Sæti 189,4 meðaltal

Einstaklingskeppni konur:

Flokkur 50+ þátt tóku 64 keppendur

Linda Hrönn Magnúsdóttir 28. Sæti 181,1 meðaltal

Helga Sigurðardóttir 32. Sæti 180,0 meðaltal

Bára Ágústsdóttir 40. Sæti 171,5 meðaltal

Laufey Sigurðardóttir 64. Sæti 130,2 meðaltal



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Þær Linda og Helga tryggðu sig áfram í 32 manna úslit, en þar var riðlaskipting og komust þær ekki áfram úr sínum riðlum, en Linda átti þó næst hæsta meðaltal allra keppenda í riðlakeppninni og meðal annars leik uppá 279 og meðaltal uppá 216.

Tvímennigur karlar 50+ þátt tóku 41 tvímenningur, en leikið var Baker form

Ísland 1 15. Sæti 206,8 meðaltal

Þessi árangur tryggði sæti í riðlakeppnina, en tvo efstu liðin úr riðlunum fóru áfram við sátum eftir, en tvö efstu liðin úr okkar riðli enduðu á að leika til úrslita.

Tvímennigur kvenna þátt tóku 31 tvímenningur

Ísland 1 29. Sæti 152,6 meðaltal

Ísland 2 31. Sæti 138,7 meðaltal

Liðakeppni kvenna þátt tóku 16 lið

Ísland 15. Sæti 153,2 meðaltal

Blandað lið þátt tóku 30. Lið

Ísland 12. Sæti 190,7 meðaltal

1. deild kvenna

Íslandsmót liða 2021 - 2022

Staðan eftir 22. umferð

#	Lið	Leikir	U	J	T	U	J	T	Skor liðs	Skor móth.	Stj.	Stig
1	KFR-Valkyrjur	22	152	1	45	77	0	11	34.127	27.886	257	248,5
2	ÍR-TT	22	144	1	53	79	0	9	33.273	28.479	242	243,5
3	ÍR-BUFF	22	134	4	60	70	1	17	33.076	29.176	212	226,5
4	KFR-Afturgöngurnar	22	132	1	65	66	1	21	31.220	28.807	180	216
5	ÍR-BK	22	96	2	100	44	0	44	29.563	29.483	149	152
6	KFR Skutlurnar	22	90	0	108	44	0	44	28.253	29.539	116	146
7	ÍR-Elding	22	96	1	101	37	2	49	28.804	29.290	115	143,5
8	ÍR-N	22	85	2	111	38	1	49	28.839	29.188	117	133,5
9	KFR-Ásynjur	22	90	0	108	28	0	60	26.699	28.713	68	125
10	ÍA-Meyjur	22	73	3	122	24	0	64	27.478	29.415	84	104,5
11	ÍR-KK	22	55	2	141	11	0	77	25.334	29.468	57	68
12	Ösp-Gyðjur	22	32	1	165	7	1	80	21.855	29.077	30	41

Árangur liðar

KFR-Valkyrjur

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Dagný Edda Pórisdóttir		30	5.474	182,47	24	0,8	125	4,2	238	644
Hafðís Pála Jónasdóttir		54	9.583	177,46	43	0,8	218	4	267	640
Katrín Fjola Bragadóttir		59	10.102	171,22	45	0,8	200	3,4	207	568
Marika Katarína E. Lönnroth		51	8.427	165,24	37,5	0,7	180	3,5	238	604
Sigurlaug Jakobsdóttir		4	541	135,25	3	0,8	6	1,5	169	372

ÍR-TT

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Guðný Gunnarsdóttir		9	1.571	174,56	7	0,8	29	3,2	199	538
Jónína Ólöf Sighvatsdóttir		9	1.152	128	5	0,6	14	1,6	149	397
Linda Hrönn Magnúsdóttir		54	9.589	177,57	44	0,8	206	3,8	232	603
Margrét Björg Jónsdóttir		52	8.599	165,37	34,5	0,7	158	3	234	646
Nanna Hólm Davíðsdóttir		56	9.554	170,61	43	0,8	193	3,4	212	590
Sigríður Klemensdóttir		18	2.808	156	11	0,6	48	2,7	204	521

ÍR-BUFF

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Ástrós Pétursdóttir		50	8.986	179,72	36	0,7	183	3,7	226	620
Bergþóra Rós Ólafsdóttir		9	1.072	119,11	3,5	0,4	8	0,9	155	415
Elva Rós Hannesdóttir		48	8.039	167,48	37,5	0,8	152	3,2	213	544
Guðrún Soffía Guðmundsdóttir		9	1.480	164,44	6	0,7	29	3,2	184	542
Hafdis Eva Laufdal Pétursdóttir		46	7.791	169,37	33	0,7	160	3,5	268	635
Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir		36	5.708	158,56	20	0,6	97	2,7	204	537

KFR-Afturgöngurnar

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur		
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria	
Alexandra Kristjánsdóttir		12	1.977	164,75	9	0,8	41	3,4	215	562	
Harpa Sif Jóhannsdóttir		63	10.247	162,65	46	0,7	179	2,8	216	565	
Helga Sigurðardóttir		42	6.892	164,1	29,5	0,7	98	2,3	210	546	
Jóna Gunnarsdóttir		21	2.679	127,57	9	0,4	28	1,3	152	414	
Ragna Guðrún Magnúsdóttir		60	9.425	157,08	39	0,7	151	2,5	225	537	

ÍR-BK

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Bára Ágústsdóttir		59	9.311	157,81	34,5	0,6	147	2,5	227	551
Geirdis Hanna Kristjánsdóttir		27	4.024	149,04	14	0,5	66	2,4	187	507
Halldóra Í. Ingvarsdóttir		24	3.520	146,67	13	0,5	55	2,3	194	477
Herdís Gunnarsdóttir		43	6.227	144,81	15,5	0,4	82	1,9	179	482
Laufey Sigurðardóttir		45	6.481	144,02	20	0,4	108	2,4	210	549

KFR Skutlurnar

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Anna Soffía Guðmundsdóttir		53	8048	151,85	26	0,5	100	1,9	197	519
Guðrún Arnarsdóttir		46	6711	145,89	22	0,5	94	2	184	481
Karen Lynn Thorsteinsson		42	6.060	144,29	19	0,5	78	1,9	201	521
Sólrún Pálsdóttir		2	278	139	0	0	5	2,5	145	278
Valborg Sturludóttir		16	1913	119,56	3	0,2	25	1,6	157	415
Pórunn Stefania Jónsdóttir		36	5.243	145,64	20	0,6	72	2	193	482

ÍR-Elding

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Sería
Ana Rita Andreade Gomes		55	8736	158,84	30	0,5	139	2,5	224	563
Anna Kristín Óladóttir		66	9.804	148,55	36,5	0,6	144	2,2	215	550
Heiðrún Dúadóttir		12	1.071	89,25	0	0	8	0,7	113	285
Karenina Kristín Chido		65	9.193	141,43	30	0,5	163	2,5	183	484

ÍR-N

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur		
		# L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria	
Adela Y. Magno		3	423	141	0		0	5	1,7	142	423
Hanna Emelita Gunnlaugsdóttir		63	8.118	128,86	18,5	0,3	76		1,2	181	456
